



Reykjavík, 16. júlí 2026
MSS26070006

Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar um áhrif hagræðinga- og breytingatillagna á stjórnskipulagi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Í tengslum við nýafstaðnar skipulagsbreytingar og hópuppsagnir á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, þar sem tilkynnt var að spara ætti 280 til 320 milljónir króna árlega, er óskað eftir svörum við eftirfarandi spurningum til að varpa ljósi á raunveruleg fjárhagsleg og fagleg áhrif aðgerðanna:

1. Hvað er fækkað um mörg stöðugildi? Greint hefur verið frá því að 18 starfsmönnum hafi verið sagt upp, en að fyrirhugað sé að ráða í 6 til 7 ný störf á skrifstofunni. Er það rétt að nettófækkun starfsmanna sé einungis 11 til 12 manns þegar upp er staðið, og ef svo er, hvernig gengur það reikningsdæmi upp við boðaðan 280 til 320 milljóna króna árlegan sparnað?
2. Hver er áætlaður kostnaður við útvistun? Meirihlutinn hefur boðað að tilteknum verkefnum skrifstofunnar verði útvistað til einkaaðila. Hvaða verkefni eru þetta, hvaða fjárhæðir er áætlað að greiða í verktakakostnað vegna þeirra á ári og hefur sá kostnaður verið dreginn frá yfirlýstum sparnaði?
3. Hver er raunkostnaður vegna uppsagnarfrests? Hver er áætlaður heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna launa á uppsagnarfresti þeirra starfsmanna sem sagt var upp, og hvenær munu yfirlýstir sparnaðarliðir raunverulega byrja að koma fram í bókhaldinu?



Reykjavík